

Sp.

597. Þingsályktun

[131. mál]

um viðbúnað vegna ófriðarhættu.

(Afgreidd frá Sp. 31. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nægar birgðir séu jafnan til í landinu af hjúkrunargögnum, lyfjum og öðrum brýnustu nauðsynjum, vegna yfirvofandi ófriðarhættu, og að birgðum þessum verði skipt milli héraða og landshluta með tilliti til samgangna og annarrar aðstöðu.

Alþingi ályktar enn fremur að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, í samráði við bæjar- og sveitarfélög, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis borgurunum, ef til styrjaldar dregur.